



NORRÆN VEFLIST



Myndirnar eru af verkum fjögurra kvenna á norrænu veflistarsýningunni að Kjarvalsstöðum. Fleiri myndir frá sýningunni eru á bls. 8—9. Hér að ofan er verk Ásgerðar Búadóttur: **Ís og eldur**; það er vefnaður úr ull og hrosshári, gert í minningu Gerðar. Litlu myndirnar, talið að ofan: **Sommarbryllup**, útsaumur eftir Anna Lena Emden, hæ miðju: **Mod natten**, vefnaður úr hampi og hör eftir Grete Balle, og neðst: **Karlmenn og konur**, vefnaður eftir Sigrúnu Sverrisdóttur.




Sigurjón
Björnsson skrifar
um
persónubroska og ofdrykkju

BÍLL
ÁRSINS
2000


Lesbók
Morgunblaðsins

7. tbl. 20. febrúar 1977, 52. árg.



Ingrid Eggman Jonsson: JORDEN
tvöfaldur vefnaður


Kazuko
Tamaru:
REGENBUENS
FEST
vefnaður



Riitta Mäkinen: KAPLÖB



Anne Marie Komissar: ARKEN
vefnaður



Myndlistarviðburður:

Norræn veflist á veggjum Kjarvals- staða

„Vefnaður verður til á þann hátt að þræðir mætast sinn úr hvorri átt, bindast eða fléttast saman og verða að einni samhangandi heild...“. Þetta eru upphafsorð í Vefnaðarbók frú Sigrúnar P. Blöndal og þau standa enn í fullu gildi, en verkin sem til sýnis eru á Kjarvalsstöðum um þessar mundir eiga það eitt sameiginlegt sem fólgið er í þessu grundvallaratriði, því bæði er þar um að ræða fjölbreyttan efnivið og margskonar og ólíka úrvinnslu.

Dúkar og voðir þjóna enn sínu gagnlega hlutverki eins og verið hefur frá alda öðli, en vefnaður sem sjálfstæð listgrein hefur hins vegar átt nokkuð erfitt uppdráttar. Á síðustu áratugum hefur veflistin vikið að mun svið sitt og listafólk notar þennan efnivið með æ fjölbreytilegri tilbrigðum til listrænnar tjáningar.

Nú er svo komið að þessi listgrein hefur skipað sér fastan

sess meðal annarra viðurkenndra listgreina, jafnt hjá okkur á norðlægum slóðum sem annars staðar um heim.

Sýningin á Kjarvalsstöðum ber þess órækan vott og má segja að hún marki tímamót í þessum efnum hérlandis þar sem svo yfirgripsmikil sýning á veflist hefur ekki áður sést hér á landi.

Eins og komið hefur fram í blöðum er hér um að ræða samnorræna sýningu sem komið var á með styrk frá Norræna Menningarmálasjóðnum og fleiri aðilum, þar sem veflistafólk frá Danmörku, Finnlandi, Íslandi, Noregi og Svíþjóð sýnir verk sín. Sýningunni var um leið ætlað að fara á milli allra aðildarlandanna. Hingað er hún komin frá Finnlandi en fer héðan til Færeyja. Áður hefur hún verið bæði í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

Þegar að því kom að velja verk á þessa sýningu var sá

háttur á hafður að skipuð var dómnefnd með einum fulltrúa frá hverju Norðurlandanna en fulltrúi af Íslands hálfu var valin Ásgerður E. Búadóttir. Öllum var heimilt að senda inn verk til dómnefndar en af rúmlega 600 verkum sem bárust henni voru valin 116, sem skiptast þannig: frá Danmörku—34, frá Svíþjóð—31, frá Finnlandi—21, frá Noregi—17 og frá Íslandi—6 og megu við Íslendingar vel við una. Dómnefndin vann út frá því sjónarmiði að hver þátttakandi væri sinn eigin fulltrúi, en ekki sinnar þjóðar.

Má segja að henni hafi verið mikill vandi áhöndum að velja úr svo miklum fjölda verka, enda haft eftir einum nefndarmanna að setja mætti upp tvær aðrar jafngóðar sýningar með því sem hafna varð í fyrstu atrennu. En ætlunin er að halda sýningar sem þessa þriðja hvert ár.

Ummæli blaða á Norðurlönd-

um um þessa sýningu hafa verið mjög lofsamleg og þykir hún hin merkasta í alla staði. Þar er íslenzku listakonunum gert hátt undir höfði og standa þar að dómi þarlandra hvergi hin-um að baki.

Í einstaka blaðaummælum sést líka að þessi tjáningarmáti á ekki jafngreiðan aðgang að öllum — þetta er nýjung, sem taka ber með varúð, hugsa sumir, og þá ekki hvað síst þar sem í sköpunargleðinni má marka nokkra gamansemi. „Þrjónað brúðkaup“, jú, það er svo sem skaðlaust — en er það list? Á öðrum stað er þessu þrjónaða brúðkaupi líkt við verk eftir Chagall eða Miro.



En hvað sem um gamansemi má segja, þá er það víst að veflistin á tvímælalaust erindi við allan almenning. Þarna lætur listamaðurinn efniviðinn tala sínu máli í meðferð, línum og litum. Samspil þessa upplifir áhorfandinn í heild — áhrif-

in eru þægileg, ekki framandi — ef til vill vegna þess að efniviðurinn er öllum nákvæmugur.


Hér er ekki ætlunin að gera einstökum listamönnum eða verkum skil, sýningin er svo margbreytileg og fjölbátt að hún verður að tala fyrir sig sjálf — og því ekkert þarfara gert en hvetja fólk, unga og aldna til að sjá með eigin augum.

Ef skilgreina ætti áhrif að lokinni heimsókn á þessa veflistarsýningu verður efst í huga fullvissa um að þarna fer alvarlegt listafólk, sem vinnur markvisst að verkefnum sínum með frábærum árangri — en við hlið alvörubungans ríkir einnig gáski og gleði, eins og oft er í hópi þeirra sem fara ótroðnar slóðir og sjá möguleika til fjölbreytni við hvert fótíð.

Sé tilgangur sýningarinnar að Kjarvalsstöðum sá að sanna tilverurétt veflistar með öðrum listgreinum, þá er honum vissulega náð.



Agenta Hobin: MEDAILLON



Silja
Karlsson:
Snelös
vinter



Britta Stenberg Tyrefors: AFSKED TIL EN MARK vefnaður



Birgitta Nelson Clauss: DEN STILLE STUND VED ET VINDUE frjæls tækni.

Hópurinn
sem sá um
uppsetningu
ýningarinnar.
Frá v.:
Þorbjörg
Þórðardóttir,
agna Róberts
dóttir,
Ásgerður
Búadóttir,
Sigrún
Sverrisdóttir.

